



Oddeyrarskóli Tengja

1. tölublað
skólaárið
2014-2015

Sept. 2014

Skólastarf hefst á ný!

Þá er skólastarfið hafið á ný og býð ég alla nemendur, foreldra og starfsfólk velkomin til samstarfs skólaárið 2014—2015!

Óhætt er að segja að allir komi ferskir til starfa eftir gott sumar. Skólastarfið er komið á fullt og margt hefur gerst þessa fyrstu daga eins og má sjá á fréttum Tengjunnar að þessu sinni. Ég hlakka til skólastarfsins í vetur og vona sannarlega að við munum öll eiga gott samsarf á skólaárinu.

Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Oddeyrarskóla

Lestrarnám og þátttaka foreldra

Hvítbók menntamálaráðherra kom út í vor og þar eru sett fram tvö meginmarkmið um umbætur til ársins 2018:

- 90% grunnskólanema nái lágmarksviðmiðum í lestri (nú 79%)
- 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma (nú 44%)

Í Hvítbók segir: „Framtíðarsýn okkar er að ungt fólk á Íslandi hafi sömu möguleika til þess að lifa og starfa í síbreytilegum heimi og jafnaldrar þess í löndum sem við viljum bera okkur saman við. Til að svo megi verða þarf að veita nemendum á Íslandi tækifæri til menntunar í menntakerfi sem stenst samanburð við það sem best gerist erlendis“.

Við munum vinna vel að þessum markmiðum og þurfum því að halda áfram góðri samvinnu heimilis og skóla við lestrarnám barnanna. Á heimasíðu skólans má lesa hvernig foreldrar geta stutt við lestrarnám barna sinna.

7. bekkur á Reykjum í Hrútafirði



Dagana 25.-29. ágúst var 7. bekkur í skólabúðum að Reykjum í Hrútafirði ásamt nemendum frá Patreksfirði, Bolungarvík, Ísafirði, Flateyri

og Súðavík.

Hópnum var skipt í þrennt og voru hóparnir saman í dagskrá megnið af deginum. Margt skemmtilegt var í boði fyrir krakkana. Þeir fóru m.a. á byggðasafnið, í náttúruskoðun, lærðu eitt og annað um fjármál og fóru í íþróttir og sund auk þess að fara í heimsókn á sveitabæ og fræðast um Grettissögu. Haldin voru alls konar mót og átti Oddeyrarskóli þrjú efstu sætin í borðtenniskeppninni en það var Róbert Máni Hafberg sem hampaði sigrinum, í öðru sæti var Lárus Ingi Antonsson og Heiðar Gauti Jóhannsson í því þriðja. Einnig áttum við sigurvegara í hárgreiðslukeppninni, en það var Hinrik Örn Halldórsson sem var valinn með flottustu hárgreiðslu vikunnar. Á kvöldin voru kvöldvökur þar sem börnin stýrðu sjálf skemmtiatriðum og tókst það mjög vel hjá þeim. Einnig voru kennarar með söngatriði og komu raddlausir heim :)

Ferðin gekk vel í alla staði og fengu nemendur Oddeyrarskóla mikið hrós fyrir dugnað, kurteisi og góða umgengni. Þetta var dýrmæt reynsla fyrir okkur öll. Börnin lærðu margt og kynntust hvert öðru betur og allir eignuðust nýja vini. Þessir dagar munu án efa lifa lengi í minningunni.

Á döfinni

1.-12. september:
Lestrargleði í Oddeyrarskóla

8. september:
Alþjóðadagur læsis

9. september:
Útivistardagur

13. september: Haustiátíð
foreldrafélagsins.

22.—26. september:
Samræmd próf í 4., 7. og
10. bekk. Nemendur eru í
skólanum skv. stundarskrá.

2. október:
Fjölgreindardagur

3. október: Skipulagsdagur
há starfsfólki, frí hjá
nemendum.



Oddeyrarskóli á facebook

Nú er heimasíðan okkar orðin árgömul og hefur gengið afar vel að nota hana. Til að auka upplýsingaflæði enn frekar er Oddeyrarskóli kominn á facebook og koma alltaf færslur á síðuna þegar ný frétt kemur á heimasíðu skólans. Við vonum sannarlega að foreldrar geti nýtt sér þetta tækifæri til að fylgjast enn betur með skólastarfinu. Best er að fara á heimasíðu skólans, www.oddeyrarskoli.is og vinstra megin á henni er tengill til að líka við síðuna á facebook.

Lestrargleði í Oddeyrarskóla

Vikurnar 1.—12. september höldum við **lestrargleði** hér í Oddeyrarskóla. Kennarar ákveða hvað verður gert í hverjum bekk fyrir sig, en mánudaginn 8. september er Alþjóðadagur læsis og þá eru nokkur sameiginleg verkefni. Um morguninn lesa allir saman, bæði nemendur og starfsmenn um allan skóla. Nemendur fá kynningar á uppáhaldsbókum starfsmanna og við skrifum saman sögur. Einnig verður getraun, þar sem nemendur eiga að giska á úr hvaða bókum ákveðnar myndir og tilvitnanir eru. Við hlökkum virkilega til dagsins :)



6. bekkur í sjóferð á Húna II

Nemendur í 6. bekk fóru í afar vel heppnaða ferð með Húna II þriðjudaginn 2. september.

Um borð fengu börnin fræðslu um lífríki

sjávarins í kringum Ísland. Þau veiddu heilmikið af fiski sem svo var grillaður um borð og allir fengu smakk.

Félagi úr Hollvinum Húna krufði þorsk, ýsu og lýsu og krakkarnir fylgdust með af miklum áhuga. Þar sem krakkarnir voru fengsælir gátu allir fengið smá fisk með sér heim.

Ferðin var mjög skemmtileg og fróðleg og þökkum við Húnamönnum og skóladeild Akureyrar kærlega fyrir okkur.

